


Gildandi skipulag Hluti af sveitarfélagsuppdrætti - Mkv. 1:50.000



Breytt skipulag Hluti af sveitarfélagsuppdrætti - Mkv. 1:50.000

SKÝRINGAR

- Svæði sem breytingin nær til
- Þéttbýli
- Iðnaðarsvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Stofnvegir
- Sendar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Rafveita í jörð

GREINARGERÐ

ALMENNT

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telst hún því óveruleg. Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31. mars 2010.

ÁSTÆÐUR Breytinga

Breytingin tekur til borholusvæðis sem kennt er við Laugar í Súgandafirði. Í janúar 2019 heimilaði skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar útgáfu framkvæmdaleyfis vegna borteigs við Laugar. Tilraunaboranir lofuðu góðu og borholan er komin í notkun og veitir nú heitu vatni til Suðureyrar. Byggja þarf dæluhús við holuna fyrir nauðsynlegan búnað til að tryggja rekstur hennar. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu og rotþró. Auk þess verður byggt mannhæðarhátt skýli yfir borholuna (sjá meðfylgjandi afstöðumynd). Eldri borhola er til staðar á planinu en gert er ráð fyrir að nýtingu hennar verði hætt.

Við skipulagsbreytinguna breytist landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði, sem afmarkað er með hringtákn á skipulagsuppdrætti. Á iðnaðarsvæðinu verður heimilt að byggja allt að 70 m dæluhús við holuna ásamt borholuskýli. Fyrirhuguð mannvirki verða í landi Ísafjarðarbæjar. Áform Orkubús Vestfjarða hafa verið kynnt fyrir landeiganda Lauga.

Breytingin er talin í samræmi við megin stefnu aðalskipulagsins en í henni er lögð áhersla á jarðhitaleit og nýtingu jarðhita. Í aðalskipulaginu segir: *Gert er ráð fyrir því að á landbúnaðarsvæðum verði heimilt að leita eftir vatni og nýta hugsanlegt vatn til búreksturs, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Finnist heitt vatn sem er nýtanlegt til annarra nota, s.s. til húshitunar á stærra svæði eða til iðnaðar utan býlisins, skal breyta aðalskipulaginu í samræmi við það.*

ÁHRIF

Borplan og aðkomuvegur frá þjóðvegnum eru nú þegar til staðar. Mannvirkin breyta ásynið svæðisins. Dæluhúsið verður sýnilegt frá þjóðvegnum en borholuskýlið er lægra og umfangsminna og verður því ekki eins sýnilegt frá veginum. Hægt er að milda áhrifin með því að láta mannvirkin falla vel að landi með jarðlitum. Á borplaninu er nú þegar hús tengt eldri borholu. Nýtingu borholunnar fylgir ekki afrennsli á yfirborð en gera má ráð fyrir lítilli háttar hljóðmengun. Skipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á nýtingu tengda landbúnaði. Breytingin hefur í heild minni háttar áhrif og hún er í samræmi við þá nýtingu sem fram hefur farið á svæðinu á skipulagstímabilinu.

Breyting á greinargerð


Eftirfarandi viðbætur eru gerðar við töflu 8.6. Atvinnusvæði í sveitarfélaginu, í gildandi aðalskipulagi.

Svæði	Ákvæði
i44- iðnaðarsvæði við Laugar í Súgandafirði. 0,2 ha Borholusvæði í landi Ísafjarðarbæjar.	Heimilt er að byggja allt að 70 m dæluhús á borplaninu. Hámarkshæð byggingar er 5 m. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu og rotþró. Einnig er heimilt að byggja allt að 10 m mannhæðarhátt skýli yfir borholunni. Aðkoma að svæðinu er að norðvestanverðu frá Súgandafjarðarvegi. Frekari borun og jarðhitaleit er heimil á reitnum og skal tryggja aðgengi tækja vegna þess. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika svæðisins. Að framkvæmdum loknum skal ganga frá borholuplani þannig að sem minnst rask sjáist. Lágmarka skal stærð borplansins, sbr. meðfylgjandi afstöðumynd.

Breyting á uppdrætti

Skipulagsbreyting felur í sér að landbúnaðarsvæði breytist í iðnaðarsvæði, afmarkað með hringtákn á skipulagsuppdrætti (i44)

AFSTÖÐUMYND



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 15. ágúst '22

Handwritten signature and official stamp of the Mayor of Ísafjarðarbær.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 21.06.2022

Official stamp and signature of the Planning Department.

Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 Jarðhitanýting, Laugar í Súgandafirði Breyting á skipulagsuppdrætti og í greinargerð

21.06.2022- Eftir yfirferð hjá Skipulagsstofnun, - stærð borholuskýlis bætt við í töflu.

